

Viðauki/ar

Viðauki A



Neskaupstað, 13. nóvember, 2020.

Reynsla fólks af COVID veikindum og bjargráðum þverfaglegrar endurhæfingar eftir COVID

Ágæti viðtakandi

Tilfni þessa bréfs er að óska eftir þátttöku þinni í rannsókn til að kanna reynslu fólks af því að veikjast af COVID-veirunni og hvaða áhrif það hefur á sálræna og líkamlega líðan. Einnig er horft til reynslu af bjargráðum þverfaglegrar endurhæfingar eftir COVID. Rannsóknin er fyrirbærafræðileg þar sem gögnum er safnað með viðtölum við einstaklinga sem hafa reynslu af COVID-veikindum og endurhæfingu eftir COVID á Reykjalundi.

Gögnum verður safnað með viðtölum sem verða tekin á Reykjalundi ef aðstæður leyfa eða með traustum fjarfundarbúnaði. Viðtölin munu alla jafna taka um klukkustund. Þau verða hljóðrituð og eftir að þau hafa verið afrituð orðrétt er upptökunni eytt og öllum nöfnum og staðháttum breytt til að ekki sé unnt að rekja niðurstöður rannsóknarinnar til ákveðinna einstaklinga. Stutt samantekt af viðtalinu verður send viðkomandi þátttakanda og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir.

Allar upplýsingar sem koma fram í rannsókninni verða meðhöndlaðar samkvæmt reglum Persónuverndar um trúnað, nafnleynd, vinnslu og eyðingu frumgagna. Frumgögn, ljósrit, hljóðupptökur og tölvugögn verða geymd á öruggum stað sem enginn hefur aðgang að nema rannsakandi og verður þeim eytt að rannsókn lokinni.

Þátttaka þín er mikilvægt framlag til að auka skilning á reynslu, sálrænni líðan og eftirköstum af COVID-sýkingu, ásamt endurhæfingu eftir COVID á Reykjalundi. Rannsóknin getur stuðlað að aukinni þekkingu á sviði endurhæfingar og þeim þáttum sem má nýta til að ýta undir verndandi þætti gegn frekari eftirköstum.

Þér er algjörlega í sjálfsvald sett hvort þú tekur þátt og þú getur hætt þátttöku hvenær sem er án þess að tilgreina ástæður.

Rannsóknin er meistaraverkefni sem unnið er í samstarfi við Reykjalund af Rósu Dröfn Pálsdóttur, nemandi við Háskólann á Akureyri.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Virðingarfyllst,

Rósa Dröfn Pálsdóttir
BA, meistaraneemi í heilbrigðisvísindum,
Háskólanum á Akureyri
Netfang: ha150171@unak.is
Sími: 868-8338

Jónína Sigurgeirsdóttir
BS, MS, Ph.D-nemandi við
Háskólann á Akureyri,
sérfræðingur í endurhæfingarhjúkrun
Netfang: jonina@reykjalundur.is

Viðauki B



Hálfstaðlaður viðtalsrammi

1. Ertu til í að byrja á því að segja mér aðeins frá sjálfri/ sjálfum þér?
 - Aldur, kyn, hjúskaparstaða, barnafjöldi?
2. Segðu mér aðeins frá COVID-veikindunum þínum!
3. Hvernig leið þér á meðan veikindin stóðu yfir?
 - Andlega?
 - Líkamlega?
4. Hvernig leið þér í kjölfar veikindanna?
 - Andlega?
 - Líkamlega?
5. Hvaða úrræði stóðu þér til boða eftir veikindin?
 - Leitaðir þú sjálf/ur eftir heilbrigðisþjónustu?
 - Leitaðir þú sjálf/ur til fagaðila? Sálfræðings?
 - Hvernig kom það til að þú sóttir um endurhæfingu á Reykjalundi?
6. Hvað fannst þér gagnlegast til að takast á við eftirköst veikindanna?
7. Hvað sérðu fyrir þér í nánustu framtíð?

- Varðandi vinnu þína?
- Varðandi virkni í lífinu?

8. Er eitthvað að lokum sem þú vilt bæta við?

- Hefur þú einhverjar spurningar í lokin varðandi rannsóknina eða viltu koma einhverju öðru á framfæri?